

Reykjavík,
12. apríl 2018.

Berglind Magnúsdóttir
skrifstofustjóri öldrunar- og húsnæðismála
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn framkvæmdastjóra Geðhjálp um drög að reglum um félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík.

Undirrituð hefur kynnt sér drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði í borginni með hliðsjón af þörfum fólks með geðfötlun.

Helsti galli núgildandi reglna út frá sjónarhóli fólks með geðfötlun felst í því hve fjöskyldustærð vegur þungt í mati sveitarfélagsins á þörf viðkomandi einstaklings fyrir félagslegt húsnæði. Þekkt er að fólk með geðrænan vanda er líklegra til að búa eitt heldur en fólk með annan vanda. Á hinn bóginn eru félagslegar aðstæður fólks með geðfötlun oft þess eðlis að þeim reynist erfiðara en öðrum að koma yfir sig húsnæði, m.a. vegna ríkjandi fordóma í garð þessa samfélagshóps.

Í drögum að nýjum reglum er aukin áhersla lögð á mat á félagslegum þáttum við úthlutun félagslegs húsnæðis. Þessi áherslubreyting ætti að koma fólki með geðfötlun til góða. Með sama hætti er sérstök áhersla lögð á að bæta úr húsnæðisvanda utangarðsfólks. Geðhjálp hefur ítrekað skorað á velferðarráð Reykjavíkurborgar að gera gangskör í að bæta úr húsnæðisvanda þessa hóps með fjölbreyttum búsetuúrræðum. Ástæða er til að fagna því sérstaklega að litið sé til þessa hóps í nýju reglunum. Um leið er lögð áhersla á mikilvægi þess að draga lærdóm af reynslunni af nýju reglunum eftir gildistöku þeirra síðar á árinu.

Á hinn bóginn er undirrituð þeirrar skoðunar að full þörf sé á því að auka vægi útskrifaðra sjúklinga á sjúkrahúsum við mat á húsnæðisþörf, sbr. mat á bls. 20. Brýnt er að útskrifaðir sjúklingar liggi ekki lengur á geðdeildum en nauðsyn krefur hverju sinni. Lengri sjúkrahúsvist hamlar áframhaldandi bata og getur jafnvel stuðlað að því að bati gangi til baka. Þá teppar viðkomandi dýrt og eftirsótt sjúkrahúspláss fyrir öðrum sjúklingum. Mikilvægt er að velferðarráðuneyti og Reykjavíkurborg taki höndum saman um að leysa vanda þeirra útskrifuðu sjúklinga sem lengi hafa dvalið á sjúkrastofnunum eins og Landspítalanum.

Rétt er að ítreka gildi vandaðs utanumhalds, t.a.m. er eðlilegt að tryggt sé með einhverjum hætti að viðkomandi hafi fengið tilkynningu um úthlutun áður en gengið er út frá því að 10 dögum liðnum að hann/hún ætli ekki að þiggja húsnæðið hafi hann/hún ekki svarað tilkynningunni. Með sama hætti er eðlilegt að fyrir liggi viðmið um hvað teljist til *málefnanlegra ástæðna* fyrir því að hafna húsnæði.

Síðast en ekki síst leggur undirrituð áherslu á að um miðlun persónulegra upplýsinga um umsækjendur sé farið samkvæmt nýjum persónuverndarlögum.

Virðingarfyllt,

Anna G. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp.

